

AUGLÝSING

um umferð í Skútustaðahreppi.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum frá sveitarstjórn Skútustaðahrepps, hefur lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra ákveðið að hámarkshraði á Hlíðavegi í Reykjahlíð, verði lækkaður úr 50 km/klst. niður í 30 km/klst., þá verði hámarkshraði á Múlavegi, frá heimkeyrslu að Múlavegi 5 og að gatnamótum Múlavegar og Hlíðavegar einnig lækkaður úr 50 km/klst. niður í 30 km/klst. Jafnframt verði leyfilegur hámarkshraði á götum sem liggja út frá Hlíðavegi og Múlavegi 30 km/klst.

Setja skal upp viðeigandi umferðarmerki, samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Auglýsing þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Skútustaðahreppi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

Lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra, 26. september 2018.

Halla Bergþóra Björnsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. október 2018